

Mozart-veisla

.....
FIMMTUDAGUR 15. MARS 2012



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Sinfonia concertante tekur um hálf tíma í flutningi, Messa í c-moll tæpa klukkustund.
Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verka.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1.
Þeir verða síðan aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

MOZART-VEISLA

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 15. MARS 2012 KL. 19.30

Paul McCreesh stjórnandi

Elfa Rún Kristinsdóttir og Lise Berthaud einleikarar

Rosemary Joshua, Lisa Milne, Benjamin Hulett og Ágúst Ólafsson
einsöngvarar

Mótettukór Hallgrímskirkju

Hörður Áskelsson kórstjóri

Wolfgang Amadeus Mozart *Sinfonia concertante í Es-dúr, K. 364 (1779)*

Allegro maestoso

Andante

Presto

Hlé

Wolfgang Amadeus Mozart *Messa í c-moll, K. 427 (1782-83)*

Paul McCreesh

stjórnandi



Breski stjórnandinn Paul McCreesh hefur um árabil verið í fremstu röð þeirra sem sérhæfa sig í tónlist endurreisnar, barokks og klassíkur. Tímaritið Classic CD nefndi hann meðal 100 merkustu stjórnenda 20. aldarinnar og hann vakti mikla hrifningu flytjenda og áheyrenda þegar hann stjórnaði Sköpuninni eftir Haydn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands vorið 2009.

Paul McCreesh fæddist í London árið 1960 og hóf tónlistarferil sinn sem sellóleikari. Árið 1982 stofnaði hann sinn eigin kór og hljóðfærahóp, Gabrieli Consort and Players, sem var á samningi hjá Deutsche Grammophon í hálfan annan áratug og hefur hlotið öll verðlaun sem fyrirfinnast í klassíska útgáfuheiminum.

McCreesh vinnur einnig með sinfóníuhljómsveitum víða um lönd og hefur m.a. stjórnað Tonhalle-sveitinni í Zürich, Dönsku útvarpshljómsveitinni, Konunglegu Stokkhólmsfílharmoníunni, Fílharmoníuhljómsveit Hollands, Santa Cecilia-sveitinni í Róm og Fílharmoníusveitinni í Liverpool.

Á óperusviðinu nýtur McCreesh æ meiri virðingar. Hann hefur til að mynda stjórnað Tamerlano eftir Händel í Teatro Real í Madríd (þar sem Plácido Domingo var meðal söngvara), Orfeifi og Evridísi eftir Gluck í Velsku þjóðaróperunni og Töfraflautu Mozarts í Konunglegu dönsku óperunni.

McCreesh hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir kröftuga og skýra túlkun sína, m.a. Gramophone-verðlaun, franska gulldiskinn, Diapason d'Or, og verðlaun þýskra hljómplötugagnrýnenda, Deutscher Schallplattenpreis. Meðal verka sem McCreesh hefur hljóðritað á síðustu misserum má nefna seinna verk þessara tónleika, c-moll messu Mozarts, hina sjaldheyrðu óperu Glucks Paride ed Elena, með Magdalenu Kozenu í aðalhlutverki, og stórfenglega túlkun á Grand Messe des morts eftir Berlioz sem var gefin út af nýstofnuðu útgáfufyrirtæki McCreesh, Winged Lion.

Elfa Rún Kristinsdóttir

fiðla



Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari hlaut fyrstu verðlaun í Johann Sebastian Bach tónlistarkeppninni í Leipzig 2006. Hún var valin „bjartasta vonin“ á Íslensku tónlistarverðlaununum 2006 og tók þátt fyrir Íslands hönd í Norwegian Soloist Prize keppninni í Bergen 2011.

Elfa Rún hefur leikið einleik og kammertónlist víða um Evrópu og í Bandaríkjunum og á þessu ári mun hún m.a. koma fram á Thüringer Bachwochen í Weimar, Hitzacker Musiktage, Oude Muziek í Utrecht og Klara Festival í Brussel.

Elfa Rún hefur leikið með Solistenensemble Kaleidoskop í Berlín frá árinu 2006 og hefur verið konsertmeistari sveitarinnar frá 2008. Hún leikur einnig á barokkfiðlu og spilar reglulega með Akademie für Alte Musik Berlin. Hún hefur að láni Rogeri barokkfiðlu frá árinu 1699 hjá hollenska fjárfestingarsjóðnum Jumpstart Jr.

Elfa Rún útskrifaðist af diplómabraut tónlistardeildar Listaháskóla Íslands vorið 2003 undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og Auðar Hafsteinsdóttur. Um haustið sama ár hóf hún nám hjá prófessor Rainer Kussmaul við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi og útskrifaðist þaðan í febrúar 2007. Elfa Rún er nú búsett í Berlín en stundar jafnframt frekara framhaldsnám hjá Carolin Widmann við Tónlistarháskólann í Leipzig.

Lise Berthaud

víóla



Lise Berthaud er einn athyglisverðasti ungi víóluleikari heims um þessar mundir. Hún fæddist í Bourg-en-Bresse í Austur-Frakklandi árið 1982 og hóf fiðlunám 5 ára gömul. Á unglingsárunum tók hún víóluna fram yfir fiðluna og aðeins 16 ára gömul hlaut hún fyrstu verðlaun í landskeppni ungra franskra víóluleikara. Hún nam við Konservatoríuna í Lyon og síðar við Parísarkonservatoríuna þar sem Pierre-Henry Xuereb og Gérard Caussé voru kennarar hennar. Hún vakti alþjóðlega athygli 18 ára gömul þegar hún var meðal verðlaunahafa í Evrópukeppni ungra einleikara árið 2000.

Lise Berthaud hefur leikið einleik með mörgum hljóm sveitum, m.a. í Harold á Ítalíu eftir Berlioz, Sinfonia concertante eftir Mozart, sem hljómar á þessum tónleikum, og hún frumflutti víólukonsert eftir Marc-Olivier Dupin árið 2004. Hún hefur einnig unnið með tónskáldum á borð við Thierry Escaich, Henri Dutilleux og György Kurtag.

Kammertónlist er eitt helsta áhugasvið Lise Berthaud og hún kemur reglulega fram með framúrskarandi hljóðfæraleikurum á borð við Augustin Dumay, Pierre-Laurent Aimard, Emmanuel Pahud og Louis Lortie. Frá 2005 hefur hún verið meðlimur Orfeo-strengjakvartettsins og hefur með honum m.a. flutt alla strengjakvartetta Beethovens víða í Frakklandi og á Spáni.

Lise Berthaud leikur á víólu sem var smíðuð fyrir hana árið 2004 af Stephan von Baehr.

Rosemary Joshua

sópran I



Rosemary Joshua fæddist í Cardiff og stundaði nám við Royal College of Music í Lundúnum. Að námi loknu þreytti hún frumraun sína á óperusviði á tónlistarháttíðinni í Aix-en-Provence sem Angelica í Orlando eftir Händel. Hún hefur síðan sungið burðarhlutverk í mörgum af mikilvægustu óperuhúsum heims: Adèle í Leðurblökunni við Metropolitan-óperuna í New York, Tytaniu í Draumi á Jónsmessunótt á La Scala, Anne Trulove í The Rake's Progress við Konunglegu óperuna í Covent Garden, Sophie í Rósariddaranum við Ensku þjóðaróperuna og Súsönnu í Brúðkaupi Fígarós á Glyndebourne-hátíðinni, við Bæversku ríkisóperuna og Velsku þjóðaróperuna.

Rosemary Joshua er í miklum metum sem Händel-túlkandi og hefur sungið aðalhlutverk í óperum hans víða í Evrópu og Bandaríkjunum og tekið þátt í hljóðritun á nokkrum þeirra. Fyrir túlkun sína á titilhlutverkinu í Semele í Ensku þjóðaróperunni var hún tilnefnd til Laurence Olivier verðlaunanna, virtustu leikhúsverðlauna Breta.

Á tónleikasviðinu vinnur Rosemary Joshua reglulega með mörgum af fremstu hljómsveitarstjórum heims, svo sem Simon Rattle, Nikolaus Harnoncourt, René Jacobs, William Christie, Roger Norrington og Philippe Herreweghe, en með hinum síðastnefnda og Orchestre des Champs-Élysées flytur hún fjórðu sinfóníu Mahlers á geisladiski sem kom út á síðasta ári og vakti mikla athygli.

Lisa Milne

sópran II



Skoska sópransöngkonan Lisa Milne nam hjá Patriciu McMahan við Konunglegu skosku tónlistarakadémiuna. Hún hlaut fjölmörg verðlaun og viðurkenningar í upphafi ferils síns, m.a. Maggie Teyte Prize og John Christie Award.

Lisa Milne kemur jöfnum höndum fram á tónleikasviðinu og í óperuhúsum. Hún hefur m.a. sungið með Boston Symphony Orchestra undir stjórn James Levines, Berlínarfílharmóníunni undir stjórn Simons Rattles og Vínarfílharmóníunni undir stjórn Daniels Hardings, en hefur einnig unnið með barokksveitum á borð við King's Consort og Gabrieli Consort.

Hún hefur sungið mörg helstu sópranhlutverkin í óperum Mozarts: Pamínu í Töfraflautunni og Súsönnu í Brúðkaupi Fígarós á Metropolitan í New York, Greifynjuna í Brúðkaupi Fígarós við Ensku þjóðaróperuna og Zerlínu í Don Giovanni og Despínu í *Così fan tutte* í Skosku óperunni. Hún hefur sungið á Glyndebourne-hátíðinni, við Stuttgartoóperuna og við Konunglegu dönsku óperuna. Árið 2007 söng hún aðalhlutverkið í frumsýningu á óperunni *The Sacrifice* eftir James MacMillan undir stjórn höfundar.

Lisa Milne er einnig eftirsóttur ljóðasöngvari og heldur reglulega tónleika í Wigmore Hall í London og fleiri þekktum tónleikahúsum.

Benjamin Hulett

tenór



Eftir að breski tenórinn Benjamin Hulett útskrifaðist frá Oxfordháskóla, þar sem hann nam og söng við New College, hefur hann komið fram með mörgum af fremstu kórum og hljómsveitum Bretlands. Hann starfaði við Hamborgaróperuna í fjögur ár og söng þar Tamino í Töfraflautunni, Ferrando í Così fan tutte og Jaquino í Fidelio meðal annarra hlutverka. Hann hefur einnig sungið við Bæversku ríkisóperuna, Þýsku ríkisóperuna, Opera North og Theater an der Wien, þar sem hann tók þátt í heimsfrumsýningu á óperunni Die Besessenen eftir Johannes Kalitzke.

Benjamin Hulett hefur þegar aflað sér mikillar reynslu á tónleikasviðinu. Hann hefur sungið í Das Paradies und die Peri eftir Schumann undir stjórn Simons Norringtons á Edinborgarhátíðinni, í Sköpun Haydns undir stjórn Trevors Pinnocks, Missa solemnis eftir Beethoven með Philippe Herreweghe og hefur einnig unnið með Christopher Hogwood, Andrew Davis og Fabio Biondi.

Næstkomandi vetur mun Benjamin Hulett syngja hlutverk Taminos á tónleikum með Berlínarfílharmoníunni og Simon Rattle og titilhlutverkið í Lucio Silla eftir Johann Christian Bach á Mozartvikunni í Salzburg.

Ágúst Ólafsson

bassi



Ágúst Ólafsson stundaði nám við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar hjá Eiði Á. Gunnarssyni og síðan við Sibelíusar-akademíuna hjá Jorma Hynninen og Sauli Tiilikainen. Ágúst sótti tvö meistaranámskeið hjá sópransöngkonunni Elísabetu Schwarzkopf og um tíma reglulega einkatíma hjá henni. Ágúst hefur sungið á ljóðasöngstónleikum víða, m.a. í Filharmonie í Berlín og Wigmore Hall í Lundúnum.

Hlutverk Ágústs hjá Íslensku óperunni eru m.a. titilhlutverkið í óperutryllinum Sweeney Todd, Papagenó í Töfraflautunni, hlutverk Skuggans í The Rake's Progress og Belcore í Ástardrykknum haustið 2009 en fyrir síðastnefnda hlutverkið hlaut hann Grímuverðlaun sem söngvari ársins. Síðastliðið sumar flutti Ágúst þrjá ljóðaflokka Schuberts ásamt píanóleikaranum Gerrit Schuil á þrennum tónleikum á Listahátíð í Reykjavík. Flutningur Ágústs og Gerrits á þessum meistaraverkum tryggði þeim Íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjendur ársins, en Ágúst hefur áður verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna, 2008 sem flytjandi ársins og 2010 sem rödd ársins.

Í vor fer Ágúst með hlutverk Marcellos í sýningum Íslensku óperunnar á La Bohème í Hörpu.

Mótettukór Hallgrímskirkju



Mótettukór Hallgrímskirkju hefur frá stofnun árið 1982 verið meðal fremstu kóra Íslands. Á verkefnalista kórsins má finna fjölmargar óratóríur, passíur og sálumessur, en líka kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum. Þá hefur kórinn frumflutt fjölda íslenskra tónverka.

Mótettukórinn hefur oft sinnis lagt í tónleikaferðir til Evrópu og Norður-Ameríku og tekið þátt í ýmsum tónlistarhátíðum. Hann vann til verðlauna í Alþjóðlegu kórakeppninni í Cork á Írlandi árið 1996. Síðastliðið haust hélt kórinn tónleika í Austurríki og Þýskalandi, m.a. í tengslum við bókasýninguna í Frankfurt.

Söng kórsins má heyra á mörgum geisladiskum. Nefna má plötur á vegum sænska útgáfufyrirtækisins BIS með verkum Jóns Leifs, Ljósið þitt lýsi mér, sem inniheldur íslenska kirkjutónlist, margar vinsælar jólaplötur, auk diska með Requiem eftir Maurice Durufle og Passíu eftir Hafliða Hallgrímsson, en þeir hlutu báðir afar lofsamlega dóma í virtum erlendum blöðum.

Mótettukór Hallgrímskirkju hefur oft sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Kórinn tók þátt í frumflutningi á sinfóníu nr. 2 eftir Atla Heimi Sveinsson árið 2006 og flutti óratóríur Felix Mendelssohns, Elía árið 2003 og Paulus árið 2007, með hljómsveitinni undir stjórn Harðar Áskelssonar. Mótettukórinn kemur nú í fyrsta sinn fram í Hörpu, en hann mun einnig taka þátt í flutningi á Níundu sinfóníu Beethovens í júní nk. Næstu tónleikar Mótettukórsins verða í Hallgrímskirkju 21. apríl en þá flytur kórinn Sálumessu Mozarts auk c-moll messunnar, sem hér hljómar, ásamt hljómsveit og íslenskum einsöngvurum.

Hörður Áskelsson

kórstjóri



Hörður Áskelsson hefur verið organisti og kantor Hallgrímskirkju frá því hann lauk framhaldsnámi í Düsseldorf í Þýskalandi árið 1982. Hann hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu listalífs kirkjunnar og stóð meðal annars að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju, Kirkjulistahátíðar og Alþjóðlega orgelsumarsins.

Árið 1982 stofnaði hann Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola cantorum árið 1996.

Með kórnum hefur hann flutt flestar helstu perlur kórbókmenntanna bæði með og án undirleiks. Þá hefur hann stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómsveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað á undanförunum árum og má nefna Passíu eftir Hafliða Hallgrímsson, óratóriuna Cecilíu eftir Áskel Másson og Thor Vilhjálmsson og Fléttu eftir Hauk Tómasson.

Sem organisti hefur Hörður haldið tónleika í mörgum stærstu kirkjum Evrópu, m.a. í Köln, París og Helsinki. Hann hefur hlotið margsháttar viðurkenningu fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þ.á.m. Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2001, Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann borgarlistamaður Reykjavíkur 2002.

Hörður hefur kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla þjóðkirkjunnar og á árunum 1985-1995 var hann lektor í litúrgískum söngfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hörður gegndi embætti Söngmálastóra þjóðkirkjunnar árin 2005-2011.

Wolfgang Amadeus Mozart

Sinfonia concertante í Es-dúr, K. 364



Í september árið 1777 lagði hinn ungi Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) upp í afdrifaríka ferð. Hann hugðist tryggja sér vel launaða stöðu við einhverja hirðina til að losna undan ofríki yfirboðara síns, Colloredos greifa, erkibiskupsins í Salzburg. Foreldrar undrabarnsins fyrrverandi treystu honum enn ekki til að ferðast upp á eigin spýtur og þar eð Leopold átti ekki heimangengt slóst Anna Maria í för með syni sínum. Eftir nokkurra mánaða dvöl í Mannheim, þar sem Mozart komst í kynni við frábæra hljóðfæraleikara hirðhljómsveitarinnar, héldu mæðginin ferðinni áfram til Parísar og komu þangað í mars 1778.

Þegar Mozart sneri heim á leið sex mánuðum síðar var hann einn á ferð, móðurlaus. Parísardvölin hafði farið á versta veg. Fyrirfólk í frönsku höfuðborginni sneri upp á sig þegar Mozart skaut upp kollinum og fannst þessi ungi Salzburgari yfirmáta barnalegur. Fáir pöntuðu verk hjá honum og ekki tókst honum að verða sér úti um góða stöðu.

Mesta áfallið var þó vitaskuld andlát móðurinnar þann 3. júlí. Hún hafði beðið ein og yfirgefin dögum saman í kuldalegri íbúð á meðan sonur hennar reyndi hvað hann gat að heilla Parísarbúana. Heilsu hennar hrakaði fljótlega og ekki varð við neitt komið. Leopold Mozart átti aldrei eftir að fyrirgefa syni sínum að fullu fyrir að grípa ekki fyrr í taumana.

Í París komst Mozart í nánari kynni við tónlistarform sem naut mikilla vinsælda og útbreiðslu á áttunda áratug átjándu aldar og vel fram á níjtjándu öld: Symphonie concertante eða sinfonia concertante upp á ítölsku. Hér var í raun öðru fremur um skemmti- og afþreyingartónlist að ræða, í ætt við serenöður og dívertíméntó þessa tíma. Formið er skyldara konsertinum en sinfóníunni og er einfaldlega konsert fyrir fleiri en eitt einleikshljóðfæri og hljómsveit, á líkan hátt og concerto grosso barokktímans var konsert fyrir einleikarahóp og hljómsveit.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfonia concertante í Es-dúr eftir Mozart hljómaði á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í Þjóðleikhúsinu 21. júní 1955. Stjórnandi var Róbert Abraham Ottósson en einleikarar Emil Kornsand og George Humphrey. Hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveitinni í Boston léku með á tónleikunum. Níu árum síðar, í apríl 1964, var verkið leikið á barnatónleikum Sinfóníunnar í Háskólabíói undir stjórn Igors Buketoffs. Verkið hljómaði á sinfóníutónleikum í nóvember 1968 með Birni Ólafssyni og Ingvari Jónassyni undir stjórn Sverres Brulands og aftur í nóvember 1976 með Einari G. Sveinbjörnssyni og Ingvari Jónassyni undir stjórn

Menn sýndu mikla hugmyndaauðgi þegar þeir stefndu saman einleikshljóðfærum í symphonie concertante og má nefna verk fyrir fiðlu, píanó og sembal eða píanó, mandólín, trompet og kontrabassa. Stundum var einleikarahópurinn á stærð við litla kammersveit. Vinur Mozarts, Johann Christian Bach, mun eiga metið, en hann skrifaði verk fyrir tvær fiðlur, tvær víólor, tvö óbó, tvö horn, selló og hljómsveit. Symphonie concertante skildi ekki eftir sig ýkja djúp spor í tónlistarsögunni. Af tæplega 600 verkum af þessari tegund sem vitað er um eftir ríflega 200 tónskáld hefur í raun aðeins eitt fest sig í sessi á efnisskrám hljóðfæraleikara og hljómsveita og það er verkið sem hljómar á tónleikum kvöldsins.

Mozart hafði áður samið nokkra konserta fyrir tvö eða fleiri einleikshljóðfæri. Hinn þekkti konsert í C-dúr fyrir flautu og hörpu, K. 299, leit dagsins ljós í París í apríl 1778 og líklega samdi hann þar einnig verk með yfirskriftinni Sinfonia concertante fyrir blásarakvartett og hljómsveit, K. 297B, þótt ekki séu öll kurl komin til grafar varðandi uppruna þess og höfund.

Þegar Mozart stakk niður penna sínum til að skrifa Sinfonia concertante fyrir fiðlu og víólu í Salzburg sumarið 1779 var hann óánægður með stöðu sína í lífinu. Hann var undir ægivaldi tveggja manna, Colloredos erkibiskups og hins stranga föður síns. Ef til vill má líta á það sem lið í frelsisbaráttu hins 23 ára gamla tónsmiðs að hann skyldi semja verk þar sem víóla tekur sér stöðu við hlið fiðlu á jafnréttisgrundvelli. Mozart hafði sannarlega ekkert á móti fiðlunni, hann var snjall fiðluleikari og hafði samið fimm frábæra konserta fyrir hljóðfærið, en fiðluleikur var hluti af starfsskyldum hans við hirðina og honum féll illa að þurfa að sitja og standa eins og erkibiskupnum sýndist. Og fiðlan var hljóðfæri föður hans, hins víðfræga fiðlukennara, sem þreyttist ekki á að minna son sinn á hversu góður fiðluleikari hann gæti orðið ef hann bara leggði sig eftir því af metnaði.

Karstens Andersen. Í maí 1980 léku Guðný Guðmundsdóttir og Unnur Sveinbjarnardóttir einleik í Sinfonia concertante undir stjórn Gilberts Levine. Szymon Kuran og Helga Þórarinsdóttir fluttu verkið 1989 undir stjórn Peters Guths og árið 1994 fluttu Greta Guðnadóttir og Svava Bernharðsdóttir verkið með stjórnandanum Jan Krenz. Í febrúar 2004 hljómaði verkið í Seltjarnarneskirkju í meðförum Sifjar Tulinius, Jónínu Auðar Hilmarsdóttur og Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna undir stjórn Ingvars Jónassonar. Ríkisútvarpið hljóðritaði túlkun Auðar Hafsteinsdóttur og Þórunnar Óskar Marinósdóttur á verkinu með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Kurts Kopecky árið 2007.

Mozart fór hinsvegar sínar eigin leiðir. Hann samdi ekki fleiri konserta fyrir fiðlu, en hristi hvern píanókonsertinn á fætur öðrum fram úr erminni á næstu árum. Og þegar hann settist niður til að spila kammermúsík með kollegum sínum Haydn, Dittersdorf og Vanhal á Víningarum sínum mundaði hann ætíð víóluna.

Það er líklegt að Mozart hafi einnig leikið á víóluna við frumflutninginn á Sinfonia concertante. Honum var mikið í mun að víólan hljómaði sem best. Þótt verkið sé í Es-dúr skrifaði Mozart víóluröddina í D-dúr og gaf fyriræmi um að stilla ætti hljóðfærið hálfþóni hærra en venjulega (og jafnvel rétt rúmlega það) til að auka glans og gljúa hljómsins.

Verkið er skrifað fyrir tvö óbó, tvö horn og strengjasveit (með tveimur víóluröddum), auk einleikshljóðfæranna tveggja, og hefst á tignarlegum Allegro maestoso kafla sem er óvenju ríkur af stefjum og skemmtilegum hugdettum, sem hljómsveit og einleikarar kasta á milli sín í gáskafullum en yfirveguðum leik. Hér má líka heyra dæmi um svokallað „Mannheim-crescendo“, sem var nýjasta nýtt í tónlistarheiminum, langar hendingar með síauknum styrk og spennu, og Mozart hafði greinilega lært að meta á meðan hann dvaldist í Mannheim.

Annar kaflinn, sem ber yfirskriftina Andante og er í c-moll, er einhver tjáningarfyllsta tónlist sem hinn ungi Mozart hafði sett á blað og stenst fyllilega samjöfnuð við hæga kafla í síðari verkum hans. Ef til vill er þetta hrífandi og ljúfsára samtal einleikshljóðfæranna tveggja innblásið af söknuði Mozarts og minningum um móður hans. Kadansan í þessum kafla, sem og í hinum fyrsta, er eftir Mozart sjálfan.

Allt annar tónn er sleginn í lokakaflanum (Presto), fjörugu rondói með keim af sveitadansi, sem einkennist jafnt af barnslegri gleði og stríðnislegri glettni.

Wolfgang Amadeus Mozart

Messa í c-moll, K. 427

Það er merkileg og um leið dapurleg staðreynd að tvö stærstu og mikilvægustu kirkjutónverk Mozarts skuli vera ófullgerð. Ástæða þess að Mozart lauk ekki við Sálumessu sína er alkunn: hann lést frá ókláruðu verki. Það er hinsvegar á huldu af hverju hann hætti í miðjum klíðum að semja verkið sem hér er til umfjöllunar, Messu í c-moll, sem kölluð er „hin mikla“, þrátt fyrir brotakennt form hennar.

Á meðan Mozart var í þjónustu Colloredos erkibiskups í Salzburg (1772-81) samdi hann mikinn fjölda kirkjutónverka, m.a. margar messur, en strangar reglur giltu hinsvegar um stærð og umfang tónlistar í guðsþjónustum í borginni og tónskáldum var nokkuð þröngt skorinn stakkurinn.

Eftir að Mozart losnaði loks úr vistinni hjá erkibiskupnum (honum var bókstaflega sparkað!) og flutti til Vínarborgar átti hljóðfæratónlist og óperur hug hans allan. Ef mótettan Ave verum corpus er frá talin voru áður nefndar ókláraðar messur einu trúartónverkin sem hann samdi upp frá því.

Tildrög þess að Mozart settist niður til að skrifa c-moll messuna árið 1782, án þess að hafa fengið pöntun um slíkt verk, eru ekki að fullu kunn, en ástin virðist þar hafa spilað stóra rullu. Mozart hafði fallið fyrir Constanze Weber (hann hafði reyndar áður rennt hýru auga til eldri systra hennar, Josephu og Aloysiu) og eftir nokkuð stormasamt tilhugalíf, og vandkvæði við að öðlast samþykki eftirlifandi foreldra þeirra beggja, gekk hann að eiga hana í Stefánsdómkirkjunni í Vín þann 4. ágúst 1782.

Allar voru Weber-systurnar bráðsnjallar söngkonur, ekki síst Constanze. Það þykir ljóst að hið glæsilega og kröfuharða hlutverk fyrsta sóprans í c-moll messunni hafi verið skrifað með Constanze í huga, og ef til vill hugsaði Mozart verkið í heild sem brúðargjöf til hennar og sem þakkargjörð til almættisins, eftir að Constanze hafði náð sér af erfiðum veikindum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Kór Langholtskirkju flutti Messu í c-moll eftir Mozart ásamt einsöngvurum og félagum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Jóns Stefánssonar í apríl 1979. Söngsveitin Fílharmónía flutti messuna með SÍ undir stjórn Owains Arwels Hughes í janúar 1991 og ásamt kammersveit undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar í mars 2001. Verkið hljómar því í fjórða sinn á Íslandi í kvöld, en Mótettukórinn mun flytja það aftur 21. apríl nk. í Hallgrímskirkju ásamt íslenskum einsöngvurum og kammersveit undir stjórn Harðar Áskelssonar.

Þann 4. janúar 1783 skrifaði Mozart í bréfi til föður síns:

„Það var alveg satt sem ég sagði um siðferðilega skyldu mína [að semja messuna], og ég notaði það orðalag ekki án umhugsunar. Ég lofaði sjálfum mér þessu sannarlega og ég hyggst standa við það. Þegar ég strengdi þess heit var eiginkona mín enn einhleyp – en þar eð ég var fastákveðinn í að kvænast henni fljótlega eftir að hún næði fullum bata fannst mér auðvelt að gefa þetta loford. Eins og þú veist hafa kringumstæðurnar neytt okkur til að fresta ferð okkar [til Salzburgar]; en handritið að hálfri messu, sem hér liggur á borðinu, er sönnun þess að lofordið var raunverulegt.“

Af þessu bréfi að dæma virðist Mozart hafa verið búinn að ákveða að frumflytja messuna í Salzburg. Þangað hugðist hann fara til að kynna Constanze fyrir föður sínum og systur. Og hann ætlaði að slá tvær flugur í einu höggi: Salzburgarar skyldu ekki einungis fá að líta „göfuglynda, ráðvanda, dyggðuga og alúðlega“ eiginkonu hans, heldur líka heyra í henni. Sópranariurnar í c-moll messunni gefa söngkonum sannarlega tækifæri til að sýna allar sínar bestu hliðar, raddsvið, tæknigetu og tjáningarmátt. Það er vart hægt að hugsa sér dásamlegra nafnspjald í tónum en aríuna *Et incarnatus est*.

Mozart-hjónin héldu af stað til Salzburgar í lok júlí 1783. Þau skildu nýfæddan frumburð sinn, Raimund Leopold, eftir í Vín, og sáu hann ekki framar. Hann lést tveggja mánaða gamall í ágúst.

C-moll messan var frumflutt 26. október 1783 í Pétursklausturkirkjunni í Salzburg, stórkostlegri byggingu í rómönskum stíl frá 12. öld. Litlum sögum fer af viðtökum áheyranda og að öllum líkindum hljómaði messan ekki aftur á meðan Mozart var á dögum, en hann endurnýtti reyndar efni úr verkinu í óratóriunni *Davidde penitente* tveimur árum síðar.

Það er rétt að fara nokkrum orðum um þetta fyrirbæri, messuna, sem tónlistarform. Þótt messa og guðsþjónusta séu samheiti í hugum flestra er guðsþjónusta í raun ekki sannkölluð messa nema þegar neytt er heilagrar kvöldmáltíðar, þ.e. þegar gengið er til altaris.

Hin kaþólska messa skiptist frá fornu fari í liði sem hver og einn hefur sinn texta og sína tónlist. Þeir liðir sem breytast í takt við kirkjuárið eru á latínu nefndir *proprium missae*. Hér má nefna *Introitus*, *Graduale* og *Alleluia*. Fastir liðir messunnar, sem koma fyrir óbreyttir í hverri fullkominni messu, *Kyrie* (miskunnarbæn), *Gloria* (dýrðarsöngur), *Credo* (trúarjátning), *Sanctus* (Heilagur) og *Agnus Dei* (Guðs lamb), eru nefndir *ordinarium missae*. Allir þessir liðir koma einnig fyrir í messum lúterskra, líka hér á landi, en við förum með þá á íslensku.

Strax á elleftu öld, þegar hin vestræna fjölröddun var að stíga sín fyrstu skref, fóru menn að nota texta messunnar í pólýfónískri tónlist. Breytilegu textarnir hurfu smám saman í skugga föstu liðanna í huga tónskálda og þegar talað er um messur sem tónverk er átt við verk þar sem tónar eru settir við föstu liðina, sem áður voru upptaldir. Upphaflega voru kaflarnir þó stakir og í handritum var þeim oftast raðað þannig að *Gloríu*-kaflarnir voru saman, síðan komu *Credoin*, og svo framvegis. Úr þessum söfnum valdi kórstjóri svo þá kafla sem hann vildi nota í hvert skipti.

Eitt af elstu dæmunum um messu sem samin er sem heild, þar sem áhersla er lögð á að kaflarnir tengist hvað stíl og tónmál varðar, er *Notre Dame* messan eftir franska tónskáldið *Guillaume de Machaut*, sem var uppi á fjórtánu öld.

Þegar komið var fram á fimmtánu öld fóru slíkar heildstæðar messur að verða algengar og næstu aldir voru óteljandi messur samdar víðs vegar um Evrópu. Þetta var í raun fyrsta kaflaskipta form tónlistarsögunnar og enginn taldist maður með mönnum í stétt tónskálda nema hann hefði náð valdi á því. Það var álika

mikilsvert fyrir tónskáld endurreisnarinnar að eiga messur í verkaskrá sinni og fyrir þýskumælandi tónskáld á níttjándu öld að hafa samið sínfóníu.

Á barokktímanum breyttist tónlistarmessan mikið, formið stækkaði, hljómsveit og einsöngvarar komu til liðs við kórinn og hið nýja listform óperan hafði áhrif bæði á formgerðir og tónmál. Á dögum Mozarts var tónlistarmessan enn mikilvæg á sviði kirkjutónlistarinnar, sér í lagi í kaþólskum löndum. Þó eru afar fá dæmi um það að tónskáld á átjándu öld hafi ákveðið það með sjálfu sér að semja messu, án utanaðkomandi pöntunar, eins og Mozart gerði þegar hann skrifaði c-moll messuna. Helsta hliðstæðan er líklega Bach og h-moll messa hans aldarþriðjungi fyrir.

En c-moll messan er sem sagt ófullgerð. Hvað vantar upp á? Mozart lauk við Kyrie, Gloríu, Sanctus, Osanna og Benedictus, og gerði uppkast að tveimur köflum í Credo. Seinni hluta trúarjátningarinnar vantar og eins Agnus Dei. Ennfremur hafa þrír af áðurnefndum köflum (Sanctus, Osanna og Benedictus) ekki varðveist nema að hluta og þegar c-moll messan er flutt þarf því að fylla í eyður og endurgera þá kafla. Margar útgáfur hafa litið dagsins ljós, en á þessum tónleikum er verkið flutt í endurgerð Richards Maunders.

Ekki er vitað hvort Mozart notaðist við kafla úr eldri messum sínum til að fylla upp í götin í messutextanum við frumflutninginn í Salzburg. Kannski var textinn sem Mozart hafði ekki tónsett lesinn eða tónaður, eða honum einfaldlega sleppt. Þegar messan er flutt á tónleikum, utan hins litúrgíska samhengis, fer best á því að láta hana standa eins og hún er, ófullgerð og stórbrotin.

Að lokum nokkur orð um tónmál c-moll messunnar. Mozart samdi verkið um það leyti sem hann var á kafi í nótnasafni velgjörðarmanns síns Gottfrieds van Swieten baróns. Þar komst hann í kynni við tónlist barokkjöfranna Bachs og Händels og hreifst mjög af verkum þeirra.

Grípum niður í bréf sem Mozart sendi systur sinni, Nannerl, 20. apríl 1782:

„Von Swieten, sem ég heimsæki hvern sunnudag, lánaði mér öll verk sem hann á eftir Händel og Bach (eftir að ég hafði leikið þau fyrir hann). Þegar Constanze heyrði fúgurnar varð hún yfir sig hrifin. Nú vill hún ekki heyra annað en fúgur, sér í lagi eftir Händel og Bach. Svo heyrði hún mig oft spila fúgur af fingrum fram og spurði mig hvort ég hefði ekki sett einhverjar þeirra á blað. Þegar ég sagðist ekki hafa gert það skammaði hún mig harðlega og linnsti ekki látum fyrr en ég skrifaði fúgu fyrir hana.“

Þessi grandskoðun Mozarts á stíl barokkmeistaranna hafði mikil áhrif á tónlist hans og c-moll messan er eitt besta og skýrasta dæmið um það. Þetta á sér í lagi við um kórkaflana. Krómátísk upphafsúgan (Kyrie eleison) á ýmislegt skylt við Kyrie-kaflann í h-moll messu Bachs (sem Mozart kann að hafa komist í kynni við hjá van Swieten) og hið sama má segja um Qui tollis kaflana í verkunum tveimur. Andi Bachs svífur víðar yfir vötnum í messunni, t.d. í hinni glæsilegu fúgu Cum Sancto Spiritu og átta radda fúgunni Osanna, og það er sannarlega ekki laust við að andi Händels sé á sveimi heldur (Jesu Christe ákall kórsins er gott dæmi).

Auðvitað einkennist allt verkið um leið af klassísku, formfögru, yfirveguðu og blæbrigðaríku tónmáli Mozarts sjálfs sem er hér að komast til fulls þroska. Tjáningarríkir einsöngskaflar sóprananna minna á tíðum á Hljóðfæratónlist Vínaráranna í fimum mjúkleika sínum og sveigjanleika, ekki síst sópraninnskotin í upphafskaflanum og hin guðdómlega aría Et incarnatus est.

HALLDÓR HAUSSON

Söngtexti

Kyrie (Andante moderato; 4 radda kór og sópran)

Kyrie eleison.	Drottinn, miskunna þú oss.
Christe eleison.	Kristur, miskunna þú oss.
Kyrie eleison.	Drottinn, miskunna þú oss.

Gloria in excelsis (Allegro vivace; 4 radda kór)

Gloria in excelsis Deo	Dýrð sé Guði í upphæðum
et in terra pax	og friður á jörðu
hominibus bonae voluntatis.	og velþóknun yfir mönnum.

Laudamus te (Allegro aperto; sópran)

Laudamus te, benedicimus te,	Vér lofum þig, vér göfgum þig,
adoramus te, glorificamus te.	vér dýrkum þig, vér tignum þig.

Gratias agimus tibi (Adagio; 5 radda kór)

Gratias agimus tibi	þakkir gjörum vér þér
propter magnam gloriam tuam.	sakir mikillar dýrðar þinnar.

Domine Deus (Allegro moderato; sópran I og II)

Domine Deus, Rex coelestis,	Drottinn Guð, himneski konungur,
Deus Pater omnipotens.	Guð faðir almáttugur.
Domine Fili unigenite,	Drottinn, eingetinn sonur,
Jesu Christe.	Jesú Kristur.
Domine Deus, Agnus Dei,	Drottinn Guð, lamb Guðs,
Filius Patris.	sonur föðurins.

Qui tollis (Largo; 2x4 radda kór)

Qui tollis peccata mundi,
miserere nobis.

Qui tollis peccata mundi,
suscipe deprecationem nostram.

Qui sedes ad dexteram Patris,
miserere nobis.

Þú, sem burt ber heimsins syndir,
miskunna þú oss.

Þú, sem burt ber heimsins syndir,
heyr vora auðmjúku bæn.

Þú, sem situr við hægri hönd föðurins,
miskunna þú oss.

Quoniam tu solus (Allegro; sópran I og II, tenór)

Quoniam tu solus Sanctus,
tu solus Dominus,
tu solus Altissimus.

Því þú einn ert heilagur,
þú einn Drottinn,
þú einn æðstur.

Jesu Christe (Adagio; 4 radda kór)

Jesu Christe.

Jesú Kristur.

Cum Sancto Spiritu (Alla breve; 4 radda kór)

Cum Sancto Spiritu
in gloria Dei Patris.
Amen.

Með heilögum anda
í dýrð Guðs föður.
Amen.

Credo in unum Deum (Allegro maestoso; 5 radda kór)

Credo in unum Deum,
Patrem omnipotentem,
factorem coeli et terrae,
visibilium omnium,
et invisibilium.

Ég trúí á einn Guð,
föður almáttugan,
skapara himins og jarðar,
alls hins sýnilega,
og ósýnilega.

Et in unum Dominum Jesum Christum,
Filius Dei unigenitus.
Et ex Patre natus ante omnia saecula.
Deum de Deo, lumen de lumine,
Deum verum de Deo vero.
Genitum, non factum,
consubstantialem Patri:
per quem omnia facta sunt.
Qui propter nos homines,
et propter nostram salutem
descendit de caelis.

Og á einn Drottin Jesú Krist,
Guðs einkason,
sem er af föðurnum fæddur frá eilífð.
Guð af Guði, ljós af ljósi,
sannur Guð af Guði sönnum.
Fæddur, eigi gjörður,
samur föðurnum.
Fyrir hann er allt skapað.
Vegna vor mannanna,
og vorrar sálhjálpur
steig hann niður af himni.

Et incarnatus est (Andante ma sostenuto; sópran)

Et incarnatus est de Spiritu Sancto
ex Maria Virgine:
Et homo factus est.

Klæddist holdi fyrir heilagan anda
af Maríu meyju
og gjörðist maður.

Sanctus (Largo; 2x4 radda kór)

Sanctus, Sanctus, Sanctus
Dominus Deus Sabaoth.
Pleni sunt caeli et terra gloria tua.
Osanna in excelsis.

Heilagur, heilagur, heilagur
ert þú, Drottinn Guð allsherjar.
Himnarnir og jörðin eru full af dýrð þinni.
Hósanna í upphæðum.

Benedictus (Allegro comodo; sópran I og II, tenór, bassi)

Benedictus qui venit
in nomine Domini.
Osanna in excelsis.

Blessaður sé sá sem kemur
í nafni Drottins.
Hósanna í upphæðum.

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

SÓPRAN

Alexandra Kjeld
Anna Samúelsdóttir
Auður Perla Svansdóttir
Ása Bryndís Guðmundsdóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Ásta Marý Stefánsdóttir
Björg Þórsdóttir
Guðfinna Indriðadóttir
Guðrún Hólmgeirsdóttir
Halldóra Viðarsdóttir
Hugrún Hólmgeirsdóttir
Inga Harðardóttir
Sara Elísabet Svansdóttir
Sarka Wohlmuthová
Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir

ALT

Anna Lilja Torfadóttir
Björg Sigurðardóttir
Carina Kramer
Fríða Sigríður Jóhannsdóttir
Guðrún Finnbjarnardóttir
Guðrún Birna Jónsdóttir
Hildur Guðný Ásgeirsdóttir
Hrafnhildur Þórolfsson
Hrefna Sigurjónsdóttir
Kristín Bergsdóttir
Lenka Mátéová
Ragnhildur Sigurðardóttir
Valgerður Ólafsdóttir

TENÓR

Andrés Narfi Andrésson
Hafsteinn Már Einarsson
Hafsteinn Sv. Hafsteinsson
Halldór Hauksson
Hauki Ingi Jónasson
Helgi Steinar Helgason
Helgi Þór Ingason
Hjalti Þór Þórsson
Hjálmar Benónýsson
Ingvar Jón Bates Gíslason
Sigurjón Jóhannsson
Stefán Ólafsson
Vikingur Viðarsson
Þórhallur Helgason

BASSI

Atli Freyr Steinþórsson
Eðvarð Ingólfsson
Einar Örn Einarsson
Eric Heinen
Gunnar Örn Gunnarsson
Gylfi Hafsteinsson
Hrólfur Gestsson
Jón Þorsteinn Reynisson
Marcin Jan Cieslinski
Martin Kollmar
Sveinn Ingi Reynisson
Sverrir Jónsson
Þórarinn Sigurðsson
Þröstur Freyr Gylfason

Uppáhalds Mozart

30. mars



Rúmenski píanóleikarinn Mihaela Ursuleasa var aðeins sextán ára gömul þegar hún bar sigur úr býtum í Clöru Haskil-keppninni, og síðan hefur vegur hennar vaxið með hverju árinu. Nýlega debúteraði hún m.a. í Carnegie Hall og Concertgebouw, og í fyrra hlaut fyrsti hljómdiskur hennar hin virtu ECHOverðlaun sem einleiksdiskur ársins. Leikandi létt spilamennska hennar þykir henta tónlist Mozarts fullkomlega.

Konsertinn í C-dúr K. 467 er með þeim allra vinsælustu, saminn árið 1785 þegar Mozart var á hátindi frægðar sinnar og hélt hverja glæsítónleikana á fætur öðrum handa músíkþyrstum Vínarbúum. Ægifagur hægi kaflinn var meðal annars notaður í kvikmyndinni Elvira Madigan, en ytri þættirnir einkennast af gáska og fjöri.

Júpíter-sinfónían var sú síðasta sem Mozart samdi, sumarið 1789 þegar hann var skuldum vafinn og ferill hans hafði náð botninum. Tónlistin ber þess engin merki, og sköpunargáfu tónskáldsins virðast engin mörk sett. Hápunktinum er náð í fjörugum lokakafla þar sem hvert eftirminnilegt stafið hljómar á fætur öðru, en síðan gerir Mozart hið ómögulega og lætur þau öll hljóma á sama tíma.

Bernard Labadie hefur sérhæft sig í tónlist barokk- og klassíska tímans með afgangi árangri enda er hann einkar eftirsóttur af hljómsveitum um allan heim. Meðal þeirra hljómsveita sem hafa notið góðs af kunnáttu hans má nefna sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, New York og Los Angeles. Annars er Labadie á heimavelli sem aðalstjórnandi kanadísku barokksveitarinnar Les Violons du Roy og hefur m.a. stýrt henni á Salzburgerhátiðinni og í Carnegie Hall.

Stjórnandi: Bernard Labadie Einleikari: Mihaela Ursuleasa

W.A. Mozart: Brúðkaup Fígarós, forleikur Píanókonsert nr. 21 í C-dúr, K. 467 og Sinfónía nr. 41 í C-dúr (Júpíter)

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

15. mars 2012

1. FIÐLA

Giovanni Radivo
Sif Tulinius
Andrzej Kleina
Lin Wei
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Pálína Árnadóttir
Laufey Sigurðardóttir
Margrét Kristjánsdóttir

2. FIÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Hlíf Sigurjónsdóttir
Helga Steinunn Torfadóttir
Kolbrún Lovell
Þórdís Stross
Hlín Erlendsdóttir

VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Sesselja Halldórsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Inga Rós Ingólfsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Lóvísa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson

PÁKUR

Frank Aarnink

ORGEL

Douglas A. Brotchie



Borgun er einn af samstarfsaðilum Sinfónúhljómsveitar Íslands og treystir þannig undirstöður sveitarinnar.



BORGUN

AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík • Sími 560 1600 • www.borgun.is

KOLABRAUTIN RESTAURANT



*Íslenskt hráefni.
Hefðir miðjarðarhafsins.*

**Við bjóðum upp á
tónleikamatseðil þegar
Sinfóníuhljómsveitin spilar.**

Kolabrautin er
á 4ðu hæð Hörpu

Borðapantanir 519 9700

info@kolabrautin.is
www.kolabrautin.is

